

Ed. 221. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [154. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

31. gr. orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu til 4 ára í þessum kjördæmum:

1. Reykjavíkurborgkjördæmi.
Til þess telst Reykjavík.
2. Reykjaneskjördæmi.
Til þess teljast: Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Kjósarsýsla, Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneskaupstaður.
3. Vesturlandskjördæmi.
Til þess teljast: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
4. Vestfjarðakjördæmi:
Til þess teljast: Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
5. Norðurlandskjördæmi vestra.
Til þess teljast: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
6. Norðurlandskjördæmi eystra.
Til þess teljast: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
7. Austurlandskjördæmi.
Til þess teljast: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
8. Suðurlandskjördæmi.
Til þess teljast: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Selfoss.

Þingsæti skiptast milli kjördæma á þennan hátt:

- a. 54 þingsæti skiptast þannig milli kjördæma:
- | | |
|-------------------------------|-------------|
| Reykjavíkurborgkjördæmi | 14 þingsæti |
| Reykjaneskjördæmi | 8 þingsæti |
| Vesturlandskjördæmi | 5 þingsæti |

- | | |
|----------------------------------|------------|
| Vestfjarðakjördæmi | 5 þingsæti |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 5 þingsæti |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 6 þingsæti |
| Austurlandskjördæmi | 5 þingsæti |
| Suðurlandskjördæmi | 6 þingsæti |
- b. Að minnsta kosti 8 þingsætum skal ráðstafa til kjördæma fyrir hverjar kosningar samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.
- c. Heimilt er að ráðstafa einu þingsæti til kjördæmis að loknum hverjum kosningum samkvæmt ákvæðum í kosningalögum.

Við úthlutun þingsæta samkvæmt kosningaúrslitum skal gæta þess svo sem kostur er að hver þingflokkur fái þingmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína. Er þá heimilt að úthluta allt að fjórðungi þingsæta hvers kjördæmis, samkvæmt a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af kosningaúrslitum á landinu öllu. Sama á við um úthlutun þingsætis samkvæmt c-lið sömu málsgreinar.

2. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem eru 18 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og hafa íslenskan ríkisborgararétt. Lögheimili á Íslandi, þegar kosning fer fram, er einnig skilyrði kosningarréttar, nema undantekningar frá þeirri reglu verði ákveðnar í lögum um kosningar til Alþingis.

Nánari reglur um alþingiskosningar skulu settar í kosningalögum.

3. gr.

1. mgr. 34. gr. orðist svo:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá ríkisborgari sem kosningarrétt á til þeirra og hefur óflekkað mannorð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld stjórnarskipunarlög nr. 51/1959 og nr. 9/1968, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem er samhljóða frumvarpi sem flutt var af Geir Hallgrímssyni, Steingrími Hermannssyni, Svavari Gestssyni og Magnúsi H. Magnússyni og samþykkt var á síðasta þingi, er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Hefur orðið að samkomulagi að forsætisráðherra flytji það nú.